

Mánudaginn 7. febrúar 1994.

Nr. 57/1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Birgi Þór Birgissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald. C-liður 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru, sem hann lýsti við uppkvaðningu úrskurðar í Héraðsdómi Reykjavíkur 31. janúar 1994. Kæran barst Hæstarétti 1. febrúar sl. Í greinargerð varnaraðila, sem barst réttinum í dag, eru settar fram þær dómkröfur aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstímanum verði markaður skemmri tími.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Krafa sóknaraðila um gæsluvarðhald er byggð á c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Í kröfugerð sóknaraðila til Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar sl. er gerð grein fyrir því, að varnaraðili hafi þann dag verið handtekinn, grunaður um aðild að nfu innbrotum og þjófnuðum undanfarna daga og vikur og tékkafalsi í tengslum við það. Hér er um að ræða innbrot í P. Samúelsson hf., Kemis hf. og Sandtak í Kópavogi, Rúmfatalagerinn (tívegis), Pykkvabæjar-Nasl, Gunnars Majones sf. og Raf-X í Hafnarfirði og Gluggasmiðjuna hf. í Reykjavík. Þá hafi varnaraðili viðurkennt að hafa tekið á leigu bifreið hjá bílaleigunni Bílalundi sf. í Reykjavík undir fölsku nafni, og hafi hann ekki skilað henni. Loks er í kröfugerð sóknaraðila vísað til þess, að undanfarnar vikur hafi verið send til ríkissaksóknara 13 mál, þar sem varnaraðili hafi gengist við hegningarlagabrotum, einkum innbrotum og þjófnuðum. Greinargerðir sóknaraðila til ríkissaksóknara um þessi mál, sem munu vera 16, hafa verið sendar Hæstarétti, en hvorki þær né rannsóknargögn málanna voru lögð fram í héraði. Samkvæmt nýjum upplýsingum sóknaraðila hafa þrjú mál að auki verið send ríkissaksóknara í dag.

Ríkissaksóknari gaf út ákæru 25. janúar 1994 á hendur varnaraðila fyrir þrjú þjófnaðarbrot í september 1993, og eru þau talin í framangreindum skýrslum.

Þegar varnaraðili var leiddur fyrir héraðsdómara, áður en úrskurður um gæsluvarðhald var kveðinn upp, var honum samkvæmt bókun í þingbók „kynnt sakarefnið“. Honum var sýnd skýrsla hans hjá lögreglu fyrr um daginn, sem hann kvað rétta að efni, og viðurkenndi hann að hafa framið þau brot, sem þar eru greind. Varnaraðili virðist hins vegar ekki hafa verið inntur efnislega eftir afstöðu sinni til þeirra mála, sem send höfðu verið ríkissaksóknara. Varnaraðili viðurkenndi fyrir dómi að viðstöddum verjanda sínum að hafa að undanfögnu verið í „innbrotum og fíkniefnaneyslu“. Hann kvaðst fjármagna fíkniefnaneyslu sína með því að „selja efni, en aðallega fjármagni hann eigin neyslu með innbrotum“. Þótt ekki verði með vissu séð af bókun í þingbók, á hvern hátt varnaraðili hefur verið spurður um sakarefni málanna, þykir með hliðsjón af framangreindri yfirlýsingu og staðfestingu varnaraðila fyrir dómi á játningu sinni hjá lögreglu rétt að fallast á það mat héraðsdómara, að ætla meg, að varnaraðili muni halda áfram brotum, á meðan málum hans er ekki lokið, ef hann heldur óskertu frelsi, sbr. c-lið 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Verjandi leitaði 2. febrúar sl. umsagnar Þórarins Gíslasonar fangelsislæknis um heilsufar varnaraðila með tilliti til ákvæða 110. gr. laga nr. 91/1991. Í vottorði læknisins frá 4. febrúar kemur fram, að hann telur ekki ástæðu til sjúkrahússvistunar varnaraðila, eins og heilsufari hans sé nú háttað.

Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1994.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Birgi Þór Birgissyni, atvinnulausum, kt. 210971–4839, með lögheimili að Kambsvegi 21, Reykjavík, dvalarstaður Hrauntunga 41, Kópavogi, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. mars nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 1. mgr. 155. gr., 244. og 248. gr. alm. hgl. nr. 19/1940.

Kærði var handtekinn í dag og játaði við yfirheyrslu hjá RLR að hafa

staðið að fjölda innbrota, auk þess að hafa falsað skjöl og staðið í fjársvikum. Kærði staðfesti fyrir dómi að framangreind skýrsla væri rétt. Þá viðurkenndi kærði að hann væri fíkniefnaneytandi og að hann fjármagnaði þá neyslu með afbrotum. Kærði, sem er atvinnulaus, kvaðst þurfa 20.000 kr. á dag til fíkniefnakaupa.

Ljóst er, að kærði, sem er fíkniefnaneytandi, fjármagnar taumlausa fíkniefnaneyslu með afbrotum. Þegar litið er til þess sem að framan er rakið, þykir sýnt að kærði muni halda áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins hefur nú undanfarið sent 13 mál á hendur kærða til ríkissaksóknara, sem flest eru vegna afbrota hans frá því í desember 1993 og ársbyrjun 1994.

Kærði sat í fangelsi í 7 mánuði á síðasta ári.

Brot þau, er kærði er grunaður um að hafa framið, geta varðað fangelsisrefsingu skv. 155., 244. og 248. gr. laga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem hér að ofan greinir, þykir ljóst, að kærði muni halda áfram afbrotum, meðan málum hans er ólokið og hann heldur óskertu frelsi. Þykir því rétt með vísan til c-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 að taka kröfu Rannsóknarlögreglu ríkisins til greina og ákveða að kærði sæti gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 17. mars nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Birgir Þór Birgisson, sæti gæsluvarðhaldi, allt til fimmtudagsins 17. mars 1994 kl. 16.00.
